

27. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss

13. febrúar 2025 – kl. 8:15 í ráðhúsi Hornafjarðar

Mætt: Björgvin Óskar Sigurjónsson, Björgvin Erlendsson, Eyrún Friða Árnadóttir, Magnús Rannver Rafnsson, Sigurjón Andrésón.

Fundargerð ritaði: Þórgunnur Torfadóttir.

Dagskrá

1. Farið yfir fyrstu vinnslugögn og tillögur frá mannvirkjasviði um útfærslu á nýju íþróttahúsi á Höfn við Víkurbraut og hugmyndir að framtíðarskipulagi svæðisins. Mannvirkjasvið hefur í samráði við bæjarstjóra skoðað með hvaða hætti er hægt að byggja íþróttahús á hagkvæmari hátt. Gert er ráð fyrir tveimur milljörðum í verkefnið í langtíma fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og er þá gert ráð fyrir nýju íþróttahúsi og gervigrasi á fótboltavöllinn ásamt stúku og nýrri hlaupabraut kringum fótboltavöllinn.

Samkvæmt fyrstu drögum mannvirkjasviðs verður hægt að byggja nýtt íþróttahús og leggja gervigras fyrir tæpa tvo milljarða. Eftir á að fá verðmat fyrir hlaupabrautina svo að hægt sé að bæta henni við.

Björgvin Óskar óskaði eftir því að sambærileg vinna yrði unnin út frá hugmyndum um viðbyggingu við núverandi íþróttahús. Ekki var tekin ákvörðun í málinu

Var bæjarstjóra falið að vinna áætlun um það samtal og kynningu sem nú mun eiga sér stað við hagsmunaaðila. Það ferli fer af stað um leið og mannvirkjasvið hefur unnið nánar í útfærslunni en það vantar enn upplýsingar svo að hægt sé að leggja gögnin fram. Kynning mannvirkjasviðs er því ekki hluti af fundargögnum stýrihóps.

2. Búið er að taka jarðvegssýni á byggingarreitnum við Víkurbraut og var minnisblað frá mannvirkjasviði með niðurstöðum könnunarinnar lagt fyrir fundinn. Niðurstöður jarðvegskönnunar sýna að það eru að meðaltali 9 - 9,5 metrar niður á fast á svæðinu. Gera þarf því ráð fyrir að íþróttahús verði staðsett á 7,5 – 8 metra lögnum staurum. Ekki var farið í jarðvegskönnun á miðsvæðinu.
3. Kostnaðarflæðisgreining frá Ragnari Ómarssyni vegna þeirra hugmynda sem Verkís hafði þegar lagt fram var lögð fram til kynningar.

Öðrum dagskrárliðum vísað til næsta fundar sem verður 20. febrúar.